Skútustaðahreppur

Skólanefnd

1. fundur
23.september 2014
Kl. 16:00-18:15

Mætt: Þuríður Pétursdóttir, Arnfríður Anna Jónsdóttir, Harpa Barkardóttir (fór af fundi kl 17), Þórhalla Bergey Jónsdóttir, Marge Neissar, Einar Jónsson, Arnar Halldórsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Til að skýra frá stöðu sinna skóla mættu til fundarins Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri Yls.

1. Fundarsetning. Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

2. Erindisbréf. Farið yfir núgildandi erindisbréf og drög að nýju, sem fer fyrir sveitarstjórn n.k. miðvikudag.

3. Kjör varaformanns og ritara. Fyrirséð er að Harpa Barkardóttir víki sætu vegna brottflutnings. Þar með mun nýr einstaklingur koma inn í skólanefndina og því ákveðið að fresta þessum lið til næsta fundar.

4. Fundarstörf skólanefndar. Fundir verði að jafnaði haldnir fjórða mánudag í mánuði, kl 16. Formaður sendi dagsetningar funda til nefndarmanna.

5. Reykjahlíðarskóli – staðan.

a) **Nemendafjöldi og námshópar.** 33 börn verða í Reykjahlíðarskóla í vetur (31 sem stendur, tvö koma 1.okt). Ekkert barn er í 1.bekk. Fyrsta skipti nú sem einungis eru 3 námshópar og samkennt í bekkjum skv.: 2.-4., 5.-7. og 8.-10.bekkur.
b) **Starfsmannamál.** Ásdís Illugadóttir sagði upp störfum skólaliða að vori vegna aldurs. Enginn var ráðinn í hennar stað, heldur störfunum deilt niður á kennara, sem fyrir vikið eru tveir í 80% stöðu, 3 í fullu starfi og einn í 30%. Í eldhúsi er ráðskona í fullu starfi og aðstoðarkona í hálfu starfi og eldað fyrir leik- og grunnskóla. Skólaliðar eru einn í fullu starfi og einn í 30%. Þrátt fyrir fækkun nemenda, hefur starfsfólki ekki verið sagt upp, heldur hagrætt líkt og áður er tilgreint.
c) **Skóladagatal.** Fyrsti kennsludagur var 22.ágúst og skólaslit áætluð 29.maí, almenn ánægja virðist með það meðal foreldra og starfsfólks. Samræmd próf eru í þessari viku, foreldraviðtöl í næstu viku. Að ósk nemenda verða litlu jólin óbreytt.
d) **Samstarf við aðra skóla.** Samskipti við nágrannaskóla eru enn mikilvægari þegar fjöldi nemenda er ekki mikill, í því samhengi eru haldnir sameiginlegir viðburðir.
e) **Námsmat.** Námsmat frá og með 5. bekk verður í formi tveggja hefðbundinna prófa og þriggja atrennuprófa (nemendur hafa eina viku til að leysa prófin og geta bætt við sig þekkingu í millitíðinni).
f) **Uppeldisstefna.** Uppeldisstefnu um jákvæðan aga er nú verið að innleiða – gefur góða raun það sem af er. Hugmyndafræðin gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu.

g) **Grænfáninn.** Þátttaka í grænfánaverkefninu fer nú af stað sjötta árið í röð – í skólanum er engum mat hent og flokkun á pappír virk og frekari flokkun væntanlega með sorpflokkunaráformum í hreppnum.
h) **Heilsueflandi grunnskóli.** Þátttaka í verkefninu „heilsueflandi grunnskóli“ var hafin samhliða vinnu við gerð nýrrar námskrár.
i) **Samstarf við leikskóla** er einu sinni í mánuði, börn fara á milli í báðar áttir.
j) **Kynningarmál.** Facebook síða Reykjahliðarskóla hefur nú verið stofnuð og er hugsuð sem opin upplýsingasíða. Slíkt hefur gefið góða raun í öðrum skólum og ekki orðið vart við misnotkun. Næstkomandi miðvikudag er upplýsingafundur fyrir foreldra þar sem þetta verður meðal annars rætt.
k) **Erlent samstarf** er mikið – þrír aðilar hafa nú óskað eftir samstarfi.
l) **Skólanámskrá.** Ný skólanámskrá er í vinnslu.
m) **Útileiksvæði.** Leiksvæðið var tekið út fyrir nokkrum árum og einhverjir hlutir ekki í lagi – skólastjóri er með í ferli að skoða það.
n) **Starfsánægja.** Starfsánægja kennara og nemenda er mæld og hefur komið vel út, gefur til kynna jákvæðan skólabrag.

6. Tónlistarskólinn – staðan. Sólveig er „skipulagslegur skólastjóri“ tónlistarskólans. Af 31 nemanda sem nú eru í skólanum, eru 17 nemendur í tónlistarnámi, þar af 14 í fullu námi. Jaan Alavere sér um kennsluna annað ár í röð og nær mjög vel til okkar fólks. Kennt er á fiðlu, gítar, píanó og trommur. Morgunsöngur er á sal einu sinni í viku.

7. Leikskólinn Ylur – staðan.

a) **Starfsmannamál.** Leikskólastjóri sagði upp stöðu sinni liðið vor, staðan var auglýst – tveir sóttu en hvorugur uppfyllti hæfniskröfur fyrir leikskólastjórastöðu. Staða deildarstjóra var auglýst í haust og hefur verið ráðin Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólakennari, hefur störf 1.október. Þá lætur Sigríður Guðjónsdóttir af störfum. Leiskskólastjóri er í 71% stöðu, þar af 31% inn á deild. Deildarstjóri er í 100% stöðu og 4 leiðbeinendur í 64%, 59%, 96% og 75% stöðum.
b) **Sumarlokun og frí starfsmanna.** Leikskólinn var lokaður 2 vikur í sumar. Miðað við lögboðið 4 vikna samfellt frí að sumarlagi var boðinn valmöguleiki á fríi í 2 vikur fyrir eða eftir þessa lokun. Staðan núna er þannig að margir starfsmenn eiga inni sumarfrí og tekur toll að skipuleggja starfið með þessu móti. Vegna þess hve fyrirkomulagið er flókið með þessum hætti, leggur leikskólastjóri til að sumarið 2015 verði lokað samfellt í 4 vikur.
c) **Skóladagatal.** Skóladagatalið liggur fyrir og bíður yfirlestrar foreldraráðs, kemur fyrir skólanefnd að því loknu.
d) **Skólanámskrá.** Vinna við skólanámskrá skal liggja fyrir árið 2015.
e) **Barnafjöldi.** 16 börn eru nú í leikskólanum, 20,7 barnagildi sem enn eru höfð til hliðsjónar – áður voru viðmið um 8 barnagildi á hvern starfsmann („barngildi“ lækkar með hækkandi aldri barns). Í því rými sem um ræðir eru 18 börn algert hámark.
f) **Lóð.** 1milljón var sett í hönnun á skólalóð en þarf að gera betur.
g) **Starfið framundan.** Auk hefðbundins starfs fá 3, 4 og 5 ára börn (10 talsins) íþróttaþjálfun einu sinni í viku í vetur og er keyrt í íþróttahúsið. Akstrinum fylgir kostnaður, en ekki mögulegt að ganga. Á meðan tónlistarkennari var við grunnskólann kenndi hún í leikskólanum einu sinni í viku – var mjög skemmtilegt. Skoðaðir verði möguleikar á sambærilegu.

8. Skólastefna Skútustaðahrepps. Stefnan var mörkuð af síðustu skólanefnd, dreift til fundarmanna. Skoðað verði hvort ástæða þyki til að taka stefnuna upp.

9. Opinn fundur um skólamál. Stefnt verði að opnum fundi um skólamál, þar sem rætt verði um kosti þess skipulags sem nú er og möguleg tækifæri til breytinga. Verði komið á dagskrá fyrrihlutann í nóvember.

10. Önnur mál.

a) **Spjaldtölvur.** Tölvukostur grunnskólans er kominn til ára sinna. Hugmynd um kaup á spjaldtölvum fyrir grunnskólann. Verði rætt við skólastjóra og stefna mótuð um það.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritari, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.